

# RÁÐSTAFANIR TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR ELDSNEYTISSKORT

upplýsingar og tilmæli

Reglulega kemur fyrir að loftör verða eldsneytislauð á flugi. Orsök þess er í flestum tilvikum mannleg mistök. Því miður er reynslan sú að ekki er alltaf hægt að nauðlenda

án þess að slys hlótist af. Það er því mikilvægt að flugmenn hafi eftirfarandi í huga svo koma megi í veg fyrir alvarleg slys af völdum slíkra mistaka.



## Fimm aðferðir til að minnka hættu á flugatvikum og slysum sem rekja má til eldsneytisskorts:

### 1. HVAÐ ER MIKIÐ ELDSNEYTI Í LOFTFARINU FYRIR FLUGTAK:

Það er aldrei um of brýnt fyrir flugmönnum að líta sjálfir ofan í eldsneytisgeymana fyrir flug, mæla eldsneytismagnið með mælistiku og skrá það sérstaklega niður. Gæta þarf að því að hafa loftfarið á jafnsléttu þegar eldsneyti er mælt og muna að draga frá það eldsneytismagn sem er ónýtanlegt. Þannig vita flugmenn fyrir víst hversu mikið eldsneyti er nýtanlegt í eldsneytistönkum loftfarsins.

Það er góð regla að bera saman það magn sem þú hefur mælt og það sem eldsneytismælar loftfarsins sýna.

Ef eldsneytisgeymir loftfarsins er þannig gerður eða staðsettur að ekki er hægt að líta ofan í hann, þá má í flestum tilvikum lesa af innbyggðum kvarða í loftfarinu sem sýnir eldsneytismagnið í geyminum.

Næsta skref er að athuga flughandók loftfarsins. Þar eru töflur um eldsneytiseyðslu og þær forsendur og upplýsingar sem þarf til að reikna út flugþol. Hugsið um eldsneyti í klukkustundum og mínútum (flugþol) og verið fullviss að starfrækslan sé í samræmi við þær forsendur sem notaðar eru við útreikninga á flugþoli loftfarsins.

### 2. AÐ ÞEKKJA ELDSNEYTISKERFI LOFTFARSINS:

Flugmenn verða að þekkja eldsneytiskerfi loftfarsins vel og vera vandvirkir við þá starfrækslu sem snýr að kerfinu.

### 3. AÐ VITA HVAÐ ER Í ELDSNEYTISGEYMUM LOFTFARSINS:

Ekki má gleyma í fyrirflugsskoðun að safna eldsneyti úr hverju afrennslisopi og athuga hvort eldsneytið sé tært og af réttri tegund. Einnig ættu flugmenn að gera ráðstafanir til að fyrirbyggja að grugg, mengun og önnur óhreinindi komist í eldsneyti loftfarsins. Þess má geta að vatnsmengun í eldsneyti er yfirleitt til komin vegna slitinna eða gallaðra loka á eldsneytisgeymum en með vandaðri athugun má greina slíkt og grípa til viðeigandi ráðstafana.

### 4. AÐ FYLGJAST MEÐ STÖÐU ELDSNEYTIS Á MÆLUM LOFTFARSINS Á A.M.K. KLST. FRESTI:


Þrátt fyrir að undirbúningur flugsins sé vandaður og flugáætlun hafi verið gerð, þá geta hlutir alltaf breyst í miðju flugi. Veður og vindar geta haft þau áhrif að hugsanlega þarf að lengja leið og/eða flugtíma. Ef flugmenn vita hversu margar mínútur af eldsneyti eru til staðar og hversu langan tíma það tekur að komast á áfangastað eða á landingarstað til að taka eldsneyti, þá er auðvelt fyrir flugmenn að vita hvort þörf sé á viðbótareldsneyti.

Framhald á bakhlið.

# RÁÐSTAFANIR TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR ELDSNEYTISSKORT

upplýsingar og tilmæli

Framhald af forsiðu:



Mikilvægt er að fylgjast með stöðu eldsneytismæla með reglulegu millibili og skipta á milli tanka (ef það á við). Samgöngustofa mælir með að flugmenn athugi stöðu eldsneytis á a.m.k. klukkutíma fresti. Með því að fylgjast með því hvort samræmi er milli stöðu eldsneytismæla og þess flugþols sem gefið var upp áður en lagt var af stað, ætti að vera ljóst hvort flugþol sé nægilegt eða ekki. Ef samræmi er þar á milli má einnig nýta sér eldsneytisrennismæli (fuel flow indicator) til að áætla hversu mikið flugþolið er miðað við starfrækslu loftfarsins á hverjum tíma.

## 5. Að lenda alltaf með nægilegt viðbótareldsneyti:

Samgöngustofa mælir með því að flugmenn hafi með sér umframeldsneytismagn sem nægir til 30-45 mínútna flugs á venjulegum farflugshraða og rétt stilltri blöndu. Ef flugmenn hafa grun um að flugþolið sem reiknað var út dugi ekki, skal ekki hikað við að láta flugstjórn eða annan viðbúnaðarþjónustuaðila vita.

## SAMANTEKT:

- Lestu vel og vandlega um eldsneytiseyðslu og -notkun í handbók loftfarsins. Athugið vandlega með kvarða eða mælistiku, eldsneytismagn í geymum loftfars fyrir flug. Skráið magnið niður og gætið að því að eldsneytisgeymar séu vel lokaðir.
- Kannið fyrir flug hvort eldsneytið í loftfarinu sé tært og rétt. Leggið alltaf af stað með fulla geyma, ef önnur hleðsla leyfir það. Fylgist með eyðslunni á flugi. Fylgist með eyðslunni eftir flug, með því að fylla geymana strax. Með því er einnig komið í veg fyrir rakamyndun í geymum.
- Fljúgið sömu flugvél sem mest, svo þið kynnist henni sem best.
- Góða ferð.